

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 66/2006 frá 7. febrúar 2006

Hólmfríður Á. Vilhjálmstöttir gegn tollstjóranum í Reykjavík

Þann 7. febrúar 2006 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 66/2006 sem snýr að ábyrgð sambúðaraðila á opinberum gjöldum skv. 1. mgr 116. gr. laga um tekju og eignarskatt. Dómurinn staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna hans. Eftirfarandi er reifun á helstu sjónarmiðum sem fram komu undir málarekstrinum. Þess var krafist að fjárnám tollstjóra í fasteign hennar yrði fellt úr gildi.

Deiluefnið og málavextir

Deilt var í málinu hvort að H bæri ábyrgð á greiðslum opinberra gjalda sambýlismanns(M) hennar fyrir álagningarárin 2001-2004. M og H bjuggu saman í óvígðri sambúð frá 1992 til 2005 og skiluð inn skattframtölum sameiginlega. Samsköttun þeirra hófst 1994 með áritun H á framtal sitt með ósk um samsköttun með M. H undirritaði framtöl fyrir 2001 og 2002 með áritun á tekjusíðu merкта henni og sameiginlega undirrituðu þau undir eignasíðu framtalsins. Framtöl 2003 og 2004 voru óundirrituð en eignasíða var merkt bæði H og sambýlismanni hennar.

Sjónarmið gerðarþola (H)

H hélt því fram að hún bæri ekki ábyrgð á greiðslu gjaldanna þar sem ábyrgð væri ekki fyrir hendi hjá sambúðarfólki nema að báðir sambúðaraðilar hefðu sótt um það sérstaklega hjá skattstjóra skv. 3. mgr. 62. gr. laga um tekju og eignaskatt.

Sjónarmið innheimtumanns

Innheimtumaður ríkissjóðs byggði á því að H hefði undirritað og skilað inn sameiginlegu skattframtali með sambúðarmanni sínu. Með því hafi hún notið þess skattalega hagræðis sem því fylgir jafnframt því að gangast undir þá óskiptu ábyrgð sem henni sé samfara. H hafi ekki vefengt þetta form skattheimtu fyrr en kom að því að innheimta hjá henni þau gjöld sem hún bar ábyrgð á. Hún hafi notið þess hagræðis sem fylgi samsköttun og jafnframt borið óskipta ábyrgð á greiðslum í 10 ár án athugasemda af sinni hálfu.

Niðurstaða dómsins

Úrskurður dómsins byggðist á því að H hefði óskað samsköttunar fyrst 1994 með áritun á skattframtali sínu og upp frá því var hún samsköttuð með sambýlismanni sínum meðan sambúðin varði. H hafi ekki gert athugasemdir við það og jafnframt notið hins skattalega hagræðis sem fylgir samsköttun.

Með hliðsjón af þeirri framkvæmd væri ljóst að áskilnaði 3. mgr. 62. gr. um skriflega ósk samsköttunar væri fullnægt.

Því væri ótvírætt að það hefði verið vilji þeirra að þau væru samsköttuð enda komu engin mótmæli fram fyrr en við innheimtuaðgerðir.